



Pekking | Leikni | Virðing | Vellíðan



**SKÓLASTEFNA**  
AKUREYRARBÆJAR





## Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	4
Formáli	5
Inngangur	6
Hlutverk	9
Framtíðarsýn	9
Meginmarkmið	10
Viðmið um gæði	11
Áherslur	17

Útgefandi:	Skóladeild Akureyrarbæjar
Umsjón:	Gunnar Gíslason
Forsíðumynd:	Myndrún
Ljósmyndir:	Ásprent Stíll
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun:	Ásprent 2006



## ÁVARP BÆJARSTJÓRA



Á undanförunum árum hefur Akureyrarbær lagt mikinn metnað í að bæta aðstöðu í skólum bæjarins og má segja að gjörbreyting hafi orðið í allri aðstöðu og aðbúnaði þeirra á þeim 10 árum sem liðin eru frá lagasetningu gildandi leik-, grunn og framhaldsskólalaga. Samhliða þessu hafa kennarar lagt af mörkum mikið starf við þróun starfsins til hagsbóta fyrir nemendur. Metnaður góðra kennara er að gera sífellt betur fyrir nemendur. Líklega hefur þó aldrei reynt á námsmenn eins og nú. Sífellt flóknari heimur með sinni öru tækniþróun sem börnin fæðast inn í gerir æ meiri kröfur til þeirra og þjónustu skólanna. Hlutverk skólans er að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám. Fræðslumál eru einn viðamesti málaflokkur í hverju sveitarfélagi. Lög um skólahald á Íslandi gefa sveitarfélögum og skólum svigrúm til að setja sér eigin markmið svo lengi sem þau rúmast innan gildandi laga og reglugerða. Í þessu ljósi hafa sveitarfélög í æ ríkara mæli lagt áherslu

á að móta stefnu sína í málaflokknum. Bæjaryfirvöld á Akureyri leggja ríka áherslu á að skólar bæjarins séu í fararbroddi og þróist í takt við það samfélag sem þeir þjóna. Menntun og velferð barna og unglinga er sameiginlegt viðfangsefni foreldra og skóla og því mikilvægt að gott samstarf sé á milli þessara aðila. Við mótun skólastefnu Akureyrar var áhersla lögð á að kennarar og fulltrúar foreldra og nemenda gætu haft áhrif á markmið og áherslur skólastefnunnar. Árangurinn varð sá að úr varð metnaðarfull og framsækin stefna ásamt því að dregin eru upp viðmið um gæði í skólastarfi.

Það er með mikilli ánægju sem skólastefnunni er fylgt úr hlaði. Fyrir hönd bæjarstjórnar færi ég öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við gerð hennar kærar þakkir og færi fram þær óskir að þau markmið og viðmið sem hér eru fram sett verði í hávegum höfð í öllu starfi skólanna.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri

## FORMÁLI

Með yfirtöku alls reksturs grunnskóla árið 1996 sköpuðust skilyrði fyrir sveitarfélög að móta heildstæða skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í samræmi við þarfir og aðstæður innan gildandi laga og reglugerða. Með því að marka bæjarfélaginu og skólum þess stefnu og setja metnaðarfull markmið er reynt að horfa til framtíðar þeirra barna sem vaxa upp á Akureyri. Með skólastefnunni er vörðuð leið að því að gera skóla bæjarfélagsins að styrkum stoðum samfélagsins, þar sem börn fái notið bestu menntunar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar.

Af hálfu Akureyrarbæjar var fyrst hafist handa við mótun skólastefnu eftir að lög um grunnskóla nr. 66/1995 tóku gildi. Þeirri vinnu var aldrei lokið en aftur hafist handa árið 1998. Afurð þeirrar vinnu voru drög að stefnu í afmörkuðum þáttum málaflöksins, sem aldrei fékk fullnaðarafgreiðslu. Í febrúar 2003 ákvað skólanefnd að hefja vinnu við mótun heildstæðrar skólastefnu. Þar skyldi lögð áhersla á framtíðarsýn þannig að skilyrði til uppeldis og menntunar barna í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskóla væru ávallt til fyrirmyndar, s.s. með framsæknu skólastarfi, vel menntuðu og hæfu starfsfólki, góðum starfsskilyrðum barna og starfsfólks og vönduðu húsnæði.

Skólanefnd leitaði til skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA um aðstoð og ráðgjöf við stefnumótunarvinnuna og varð Helgi Gestsson, lektor við HA, verkefnisstjóri við verkið en auk hans störfuðu Guðmundur Engilbertsson og Trausti Þorsteinsson að verkefninu. Vinna skólaþróunarsviðs hófst haustið 2003 með því að þrír rýnihópar háskólakennara í kennaradeild settu fram fyrstu drög að stefnumiðum. Skólanefnd vann síðan

úr tillögum rýnihópanna með aðstoð sérfræðinga skólaþróunarsviðs. Fyrstu hugmyndir skólanefndar voru því næst kynntar kennurum, starfsfólki og fulltrúum foreldra í öllum skólum bæjarins, leitað var eftir athugasemdum þeirra og ábendingum og kallað eftir sjónarmiðum þeirra um hvað það væri sem einkenndi góða skóla. Eftir að skólanefnd hafði unnið úr öllu því efni var önnur ferð gerð í skólana og enn leitað eftir athugasemdum og ábendingum. Eftir að unnið hafði verið úr gögnum úr þeim heimsóknnum lágu fyrir heildstæð drög sem borin voru undir foreldraráð grunnskólanna og fulltrúa foreldrafélaga í leikskólum auk þess sem fulltrúum nemenda elstu bekkja grunnskólanna var gefið tækifæri til að fjalla um drögin og gera athugasemdir.

Þau drög sem þá lágu fyrir voru borin undir rýnihóp í kennaradeild HA sem las þau yfir til að gæta að samræmi. Lokahnykkur stefnumótunarinnar var að síðustu fólgin í íbúðingum þar sem skólastefnan var kynnt og öllum áhugasömum gefið tækifæri til að gera athugasemdir og koma með ábendingar. Ýmsar gagnlegar ábendingar bárust sem tekið var tillit til við endanlega gerð stefnunnar sem samþykkt var í skólanefnd og vísað til bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar Akureyrarbæjar þann 31.5.2005 var skólastefnan samþykkt samhljóða.

Skólanefnd þakkar skólaþróunarsviði kennaradeildar HA, verkefnisstjóra, starfsmönnum skóla og öðrum þeim sem að verkinu hafa komið, fyrir árangursríkt starf sem fært hefur Akureyrarbæ heildstæða og metnaðarfulla skólastefnu, sem full samstaða er um í skólanefnd og bæjarstjórn.





## INNGANGUR

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar og á að efla gagnrýna hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til að bregðast við nýjum aðstæðum. Í upplýstu samfélagi vænta allir sér einhvers af menntun: foreldrar, vinnumarkaður, sveitarfélög, ríkisstjórnir og svo auðvitað ungmenni á öllum skólastigum.

Um allan heim eru gerðar kröfur um mikla skilvirkni í skólastarfi til að bregðast við þörfum fyrir efnahagslegar og félagslegar framfarir. Skólar standa því sífellt frammi fyrir ögrandi verkefnum af fjölbreytilegu tagi. Börn og unglingar hafa mismunandi þarfir en öll hafa þau þörf fyrir að þrífast í skólanum og ná árangri. Til að svo megi verða þarf þeim að standa til boða vel skipulögð og metnaðarfull kennsla.

### Nám

Í skýrslu til UNESCO frá alþjóðlegri nefnd um menntun nú á dögum segir að skólamenntun verði að byggja á fjórum grunneiningum náms sem verða síðan eins konar mættarstöðir í lífi manna. Þessar grunneiningar eru:

- nám til að öðlast þekkingu
- nám til að öðlast færni
- nám til að læra að lifa í sátt og samlyndi við aðra
- nám til að verða betri maður<sup>1</sup>

Nám felur í sér að hverjum einstaklingi er gert kleift að uppgötva, afhjúpa og efla sköpunarmátt sinn svo í ljós komi sá fjársjóður sem er fallinn innra með öllum. Þetta merkir að við verðum að líta á menntun sem annað og meira en hagnýtt tæki eða ferli til að ná tilteknum markmiðum. Leggja ber áherslu á heildarþroska einstaklingsins - markmiðið er nám til að verða betri manneskja.

## Kennsla

Öll góð kennsla byggist á sömu undirstöðuatriðum kennslufræða þar sem námskrágerð er lykiltríði. Námskrá skilgreinir, stjórnar og samhæfir það sem nemendum er ætlað að læra og er vegvísir sem segir til um tilgang náms. Kennslan byggir á þremur þáttum, undirbúningi, framkvæmd og mati þar sem fjallað er um hvað á að kenna, hverjum og hvar. Kennarar verða að kunna svo til verka að þeir geti kennt nemendum á ýmsum aldri, áhugasömum nemendum jafnt sem áhugalitlum og nemendum sem eru ólíkir að námsgetu og þroska. Því þurfa kennarar að hafa á valdi sínu fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Í leikskólum og grunnskólum er unnið að því í samvinnu við heimilin að búa ungmenni undir líf og starf. Kennarar eru fagmenn sem eru reiðubúnir til að takast á við síbreytilegar kröfur samfélagsins til skóla og menntunar og gegna þar af leiðandi hlutverki við að skilgreina kröfur til góðra skóla og þar með til sín sjálfra sem fagmanna. Hin nýja fagmennska kennara byggist á heildarsýn að settu markmiði og samstarfi kennara, nemenda og foreldra. Þeim er ljóst að þeir verða að afsala sér ákveðnu sjálfstæði eða faglegum yfirráðum til að geta orðið hluti af samvirkri heild sem stendur sameinuð að því að íhuga og rannsaka starf sitt með það fyrir augum að skapa nýja þekkingu sem leitt getur til umbóta. Til að styrkja kennara í þessu hlutverki er þeim boðinn aðgangur að fræða-/þekkingarsamfélagi með faglegri ráðgjöf eða umræðu t.d. í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Aðalsmerki hvers kennara er að hafa barnið eða unglinginn í brennidepli og líta á hvern nemanda sem einstakling. Hann reynir að stuðla að frjórri hugsun nemenda, sjálfstæðum vinnubrögðum þeirra, fjölbreyttri tjáningu og skilningi þeirra á sjálfum sér og umhverfinu en ekki síður að leikni þeirra og færni til að takast á við margvísleg verkefni, að tilfinningum þeirra, viðhorfum og siðgæði. Kennarar þurfa annars vegar að hafa í huga markmið sem beinast að samfélaginu og menningararfinum og hins vegar markmið sem höfða til nemandans sem einstaklings.<sup>2</sup>





## Samstarf heimilis og skóla

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir hjá foreldrum en hlutverk skóla er að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótum barna og unglinga. Þessi sameiginlega ábyrgð heimila og skóla kallar á nán tengsl og felur í sér nauðsyn endurskoðunar á réttindum og ábyrgð hvors aðila, þar sem foreldrar hafa skyldur jafnt sem réttindi og kennarar hafa réttindi jafnt sem skyldur. Sammæli þarf að takast milli aðila með hvaða hætti foreldrar geta gerst aðilar að því starfi sem fram fer í skólanum er tryggir aukna þátttöku þeirra, ábyrgð og skyldur gagnvart námi alla skólagöngu barnsins. Ein leið til að efla þetta samstarf og undirstrikar ábyrgð foreldra er að gefa þeim kost á að velja skóla fyrir börn sín.

## Skólafestna

Í samræmi við hinar fjórar grunneiningar náms byggir skólafestna Akureyrarbæjar á fjórum hornsteinum. Þessir hornsteinar eru þekking - leikni - virðing - velliðan. Til þessa hefur formleg menntun að langmestu leyti verið byggð á að nemandinn tileinki sér þekkingu en í minna mæli færni. Hvort hinir tveir hornsteinarnir, virðing og velliðan, hafa skilað sér hefur oft verið háð tilviljun eða talið að þeir væru eðlileg afurð þeirra fyrri. Í skólafestnunni sem hér er kynnt er áhersla lögð á að í skipulegu námi þurfi að gefa öllum fjórum mättarstöðunum jafnan gaum. Áhersla er lögð á að jafnt sé lögð rækt við bókvit, verksvit og siðvit sem felur í sér þroskun tilfinninga, dómgreind til að velja rétta breytni gagnvart öðrum, skilning á sambúðarháttum manna og háttisreglum.<sup>3</sup> Þannig

er litið á menntun sem heildstæða reynslu sem spannar alla ævina, fæst bæði við skilning og hagnýtingu og leggur jafnt áherslu á hvern einstakling, líðan hans og stöðu í samfélaginu.

Með skólafestnu sinni áréttar Akureyrarbær að innra starf hvers skóla taki mið af þörfum sérhvers einstaklings og að komið sé í veg fyrir hvers konar mismunun. Markmið skólanna er að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga og þeim ber að leggja áherslu á framsækið starf sem ávallt er í fremstu röð.

Uppsetning skólafestunnar er með þeim hætti að fyrst er tilgreint hvert meginhlutverk skólanna er. Því næst er framtíðarsýnin skilgreind á þann veg að lýst er með orðum kjörmynd af framtíðinni sem verður um leið að leiðarljósi fyrir starfseminna. Á grundvelli sýnarinnar eru sett fram meginmarkmið stefunnar í þremur flokkum: tilgangur og skipulag; nemandinn; náms- og starfsumhverfi. Áherslur sem stuðla eiga að því að markmiðin náist eru kynntar og loks eru sett fram viðmið um gæði í skólafestni.

Skólafestnu Akureyrarbæjar er ætlað að efla sjálfstæði skóla og draga fram þætti sem sammæli er um að eftirsóknarverðir séu fyrir skólafestni. Þannig getur skólafestnan orðið leiðarvísir að áframhaldandi uppbyggingu árangursríks skólafestnar í Akureyrarbæ. Við gerð fjárhags- og starfsáætlunar hverju sinni verður meðal annars tekið mið af þeim áherslum sem í stefnunni birtast auk þess sem starfsmenn og skólafestni munu fylgja henni eftir í samvinnu við viðkomandi stofnanir.

<sup>1</sup> Menntamálaráðuneytið. 1996. Nám: Nýting innri auðlinda. Þýðing á 4. og 8. kafla í skýrslu til UNESCO frá alþjóðlegri nefnd um menntun á 21. öldinni.

<sup>2</sup> Ólafur Proppé. 1992. Kennarafræði, fagmennska og skólafestni. Uppeldi og menntun 1(1):227.

<sup>3</sup> Kristján Kristjánsson. 1992. Þroskakostir. Reykjavík, Rannsóknastofnun í siðfræði. Bls. 259.



## HLUTVERK

Skólar Akureyrarbæjar gegna því hlutverki að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám. Skólarnir eru menntastofnanir í sífellndri þróun.

Skólar Akureyrarbæjar leggja áherslu á jafnan rétt til náms, umhyggju-semi og vellíðan nemenda. Í skólum bæjarfélagsins öðlast hver nemandi alhliða menntun og fær hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga.

Skólar Akureyrarbæjar skapa góðar aðstæður til menntunar með fram-sæknu skólastarfi, hæfu starfsfólki, góðri starfsaðstöðu, gagnkvæmum samskiptum við heimilin og tengslum við umhverfið.

## FRAMTÍÐARSÝN

Skólar Akureyrarbæjar verði framsækin skólasamfélög þar sem nem-endur öðlist þroska til góðra verka.

Með bókvit, verksvit og siðvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.

Skólar Akureyrarbæjar skapi í samstarfi við heimilin kjörumhverfi til náms með hvetjandi starfsumhverfi, hæfileikaríku starfsfólki og virkum tengslum við samfélagið.

Skólar Akureyrarbæjar verði fyrirmynd góðra skóla.





## MEGINMARKMIÐ

### Tilgangur og skipulag

- Skólar Akureyrarbæjar móti starf sitt í samræmi við þarfir nærsamfélagsins sem þjóðfélagsins alls.
- Skólar Akureyrarbæjar skipuleggi starfið með þátttöku og hagsmuni nemenda og foreldra í huga. Lögð sé rík áhersla jafnt á bókvit, verksvit og siðvit og námið lagað að getu og þörfum hvers nemanda fyrir sig.
- Skólar Akureyrarbæjar séu sjálfstæðar stofnanir sem beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir sem flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda.
- Skólar Akureyrarbæjar hafi aðgang að skilvirkri og öflugri stoðþjónustu sem grundvallast á rannsóknum og fyrirbyggjandi og framsæknu starfi.
- Skólar Akureyrarbæjar nýti sér þá auðlind sem felst í því að hafa nemendur úr ólíkum menningarsamfélögum.
- Skólar Akureyrarbæjar séu lifandi miðstöðvar í sínu hverfi og í virkum tengslum við umhverfi sitt - náttúru, atvinnulíf og menningu í bæjarfélaginu.

### Nemendur

- Nemendur byggji upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efla frumkvæði og örvu sköpunargleði.
- Nemendur geri kröfur til sjálfra sín í námi og samskiptum og vandi öll sín verk.

- Nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdygða sem sammæli er um í þjóðfélaginu, svo sem áreiðanleika, hjálpssemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild, og fái þjálfun í að temja sér þær í leik og starfi.
- Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.
- Nemendur líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagðan hlut og tileinki sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð.

### Náms- og starfsumhverfi

- Í skólum Akureyrarbæjar ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði. Með metnaðarfullu skólastarfi sé komið til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklingsins.
- Við skóla Akureyrarbæjar sé vistlegt og vel skipulagt umhverfi og aðstaða sem stuðlar að námsáhuga, sköpunargleði, hreyfingu og árangri.
- Skólar Akureyrarbæjar séu eftirsóttir vinnustaðir sem hafi gæði starfsins að leiðarljósi. Starfsfólk njóti tækifæra til að auka við þekkingu sína og starfsþroska.
- Í skólum Akureyrarbæjar sé gagnkvæmt samstarf á milli heimila og skóla sem byggir á trausti og virðingu.
- Skólar Akureyrarbæjar hafi gott samstarf sín á milli og efla samvinnu við aðra skóla, íþrótta- og tómstundafélög, stofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu.

## VIÐMIÐ UM GÆÐI

Eftirfarandi viðmið um gæði eru sett við sérhvert meginmarkmið. Viðmiðin geta í flestum tilvikum átt við leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Ljóst má þó vera að tónlistarskóli greinir sig að nokkru frá leik- og grunnskóla eðli málsins samkvæmt og því geta einstaka greinar gæðamarkmiðanna ekki átt við Tónlistarskólann.

### Tilgangur og skipulag

**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar móti starf sitt í samræmi við þarfir nærsamfélagsins sem þjóðfélagsins alls.**

#### Í góðum skóla...

- er fagmennska í fyrirrúmi
- er skipulag sem setur hagsmuni nemenda í öndvegi
- er skýr framtíðarsýn á skólastarfið unnin í samstarfi við foreldra
- eru stefna, markmið og starfsáætlun kynnt í skólanámskrá
- er starfið sveigjanlegt og náms- og kennsluhættir fjölbreyttir
- er áhersla lögð á lýðræðislega þátttöku nemenda með því að gefa þeim tækifæri til að ræða einstök málefni er varðar skólastarfið





**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar skipuleggi starfið með þátttöku og hagsmuni nemenda og foreldra í huga. Lögð sé rík áhersla jafnt á bókvit, verksvit og siðvit og námið lagað að getu og þörfum hvers nemanda fyrir sig.**

### Í góðum skóla...

- eru áherslur í skólastarfi reglulega ræddar í samskiptum kennara, foreldra og nemenda og sammæli náð um meginviðmið
- er mótuð stefna um heimanám og hún kynnt foreldrum, kennurum og nemendum
- er hlúð að starfi foreldraráðs og þess gætt að það hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem því eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu
- er sjálfsmat markvisst nýtt til umbóta og þróunar á starfi
- er námsframboð við allra hæfi og námshraði í samræmi við þroska, líðan og getu hvers nemanda
- er lögð áhersla á ánægju og árangur
- er gerð eineltisáætlun sem kveður á um forvarnir og viðbrögð gegn einelti

**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar séu sjálfstæðar stofnanir sem beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir sem flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda.**

### Í góðum skóla...

- leggja skólastjórnendur áherslu á skilvirkt og metnaðarfullt skólastarf og góða nýtingu á skólatíma nemenda
- er sterk fagleg forysta og forgangsriðun verkefna skýr
- hefur skólastjóri forystu um umbóta- og þróunarstarf
- er formlegt og sýnilegt sjálfsmatskerfi sem tekur mið af aðalnámskrá, skólastefnu og skólanámskrá
- er árlega gefin út sjálfsmatskýrsla, hún gerð opinber og kynnt ítarlega
- er stuðlað að aukinni kostnaðarvitund í skólasamfélaginu

- er starfsfólk meðvitað um fjárhagsramma skólans
- er rekstraráætlun skólans kynnt á opnum fundi og farið yfir forgangsriðun verkefna
- er gerð ársskýrsla

**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar hafi aðgang að skilvirkri og öflugri stoðþjónustu, sem grundvallast á rannsóknum og fyrirbyggjandi og framsæknu starfi.**

### Í góðum skóla...

- er í samráði við stoðþjónustu mótuð forvarnarstefna og áætlanir gerðar um viðbrögð ef út af henni er vikið
- eru lögð fyrir skimunarpróf og önnur greiningartæki til að meta stöðu nemenda m.t.t. náms og félagslegra aðstæðna
- er brugðist skjótt við vandamálum sem að steðja í samráði við stoðþjónustu
- geta kennarar leitað til ráðgjafa eða annarra sérfræðinga til að skoða eigin starfshætti og starfsaðstæður
- geta foreldrar leitað til stoðþjónustu skólans um ráðgjöf í uppeldishlutverki sínu
- eru niðurstöður rannsókna nýttar til umbóta í skólastarfi

**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar nýti sér þá auðlind sem felst í því að hafa nemendur úr ólíkum menningarsamfélögum.**

### Í góðum skóla...

- er hagnýttur sá menningarlegi fjölbreytileiki sem nærsamfélagið býr yfir til náms og kennslu
- er gert ráð fyrir fjölbreytileika í öllum nemendahópum og byggt á því að nýta hann til að efla viðsýni og umburðarlyndi nemenda
- er lögð áhersla á að nemendur skilji og upplifi að í öllum samfélögum manna eru mismunandi menningarheimar
- er borin virðing fyrir öllum einstaklingum, ólíkri menningu og siðum

**Markmið:** Skólar Akureyrarbæjar séu lifandi miðstöðvar í sínu hverfi og í virkum tengslum við umhverfi sitt - náttúru, atvinnulíf og menningu í bæjarfélaginu.

### Í góðum skóla...

- er mótuð skýr umhverfisstefna er hefur sjálfbæra þróun að leiðarljósi
- er samband við nærsamfélagið styrkt með virkri þátttöku nemenda í að bæta umhverfi sitt
- er unnið með grenndarfræði þar sem kerfisbundið er tekið tillit til nánasta umhverfis og unnið út frá atvinnuháttum þess, menningu og náttúrufari
- eru kostir grenndarkennslu nýttir til að styrkja samfélags- og sjálfsvitund nemenda

### Nemendur

**Markmið:** Nemendur byggja upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, eflir frumkvæði og örvi sköpunargleði.

### Í góðum skóla...

- er hlúð að jafnrétti kynjanna og leiða leitað til þess að árangur og líðan stúlkna og drengja sé sem best
- virða nemendur almennar umgengnisreglur og skólareglur
- fá nemendur tækifæri til að tjá sig um mál sem þá varðar og taka þátt í mótun skólasamfélagsins í samræmi við aldur og þroska
- öðlast nemendur færni í samskiptum, ákvarðanatöku og sjálfstæðri hugsun
- gefst nemendum kostur á að taka þátt í félags- og tómsundastarfi
- eru verk nemenda áberandi á veggjum og/eða heimasíðu skólans





**Markmið: Nemendur geri kröfur til sjálfra sín í námi og samskiptum og vandi öll sín verk.**

### Í góðum skóla...

- eru miklar væntingar um árangur
- vita nemendur um ábyrgð sína og skyldur
- vinna nemendur af metnaði með jákvæða framtíðarsýn
- er vinnusemi og frammistaða nemenda metin á kerfisbundinn hátt
- eru nemendur meðvitaðir um að nýta vel allt efni sem unnið er með og fara vel með bækur og námsgögn

**Markmið: Nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdygða sem sammæli er um í þjóðfélaginu, svo sem áreiðanleika, hjálpssemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild, og fái þjálfun í að temja sér þær í leik og starfi.**

### Í góðum skóla...

- er uppbyggjandi andrúmsloft þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum
- er unnið að því að efla félags- og samskiptafærni nemenda í leik og starfi
- er unnið með viðfangsefni er varða sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl
- öðlast nemendur leikni í að leysa ágreining og umgangast aðra af virðingu

**Markmið: Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.**

### Í góðum skóla...

- er áhersla lögð á að kennarar kynni nemendum þau markmið aðalnámskrár sem liggja til grundvallar náminu
- gera nemendur sínar eigin námsáætlanir
- \* er skipulega unnið með sjálfsmat nemenda til að auka ábyrgð þeirra í eigin námi

- eiga nemendur kost á námsráðgjöf
- læra nemendur að skipuleggja vel tíma sinn og vinnu

**Markmið: Nemendur líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagðan hlut og tileinki sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð**

### Í góðum skóla...

- finna foreldrar sig ætíð velkomna og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi
- setur hver nemandi sér markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- finna foreldrar sig hafa nokkuð að segja um áherslur í námi barna sinna
- er lögð áhersla á námstækni

## Náms- og starfsumhverfi

**Markmið: Í skólum Akureyrarbæjar ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði. Með metnaðarfullu skólastarfi sé komið til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklingsins.**

### Í góðum skóla...

- er góður liðsandi
- mótast samskipti starfsfólks og nemenda af virðingu, umhyggju og hlýju
- er þörfum nemanda fyrir öryggi, næringu og náms- og leikaðstöðu fullnægt
- tekur agastjórnun ætíð mið af uppbyggjandi aðferðum
- eru fjölbreyttar kennsluaðferðir nýttar til að mæta mismunandi þörfum nemenda
- eru sterkar hliðar nemenda virkjaðar og einstaklingsþörfum mætt
- er stuðlað að jafnræði allra nemenda varðandi aðstöðu og stuðning við nám
- eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á námi og starfi nemenda

**Markmið:** Við skóla Akureyrarbæjar sé vistlegt og vel skipulagt umhverfi og aðstaða sem stuðlar að námsáhuga, sköpunargleði, hreyfingu og árangri.

### Í góðum skóla...

- er starfsumhverfi hvetjandi, öruggt, hlýlegt og þægilegt
- er skólalóð vel skipulögð og vel búin
- er öllum nemendum tryggt fullnægjandi aðgengi að húsnæði skólans
- er umhverfi nemenda skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í leik og starfi
- eru aðstæður miðaðar við þarfir, þroska og hæfileika nemenda
- eru notuð fjölbreytt námsgögn
- er áhersla lögð á fjölþætta hreyfingu og hreyfipörf nemenda mætt í leik og starfi
- fá nemendur að kynnast náttúrunni af eigin raun með því að kanna, njóta, skoða og gera tilraunir

**Markmið:** Skólar Akureyrarbæjar séu eftirsóttir vinnustaðir fyrir starfsfólk sem hefur gæði skólastarfsins að leiðarljósi. Starfsfólk njóti tækifæra til að auka við þekkingu sína og starfsþroska.

### Í góðum skóla...

- er skýr starfsmannastefna
- eru skýrar starfslýsingar fyrir kennara og annað starfsfólk
- er öflugt samstarf og upplýsingaflæði milli starfsfólks
- er árlega mótuð endurmenntunarstefna á grundvelli faglegra áherslna skólans og starfsfólks
- er til áætlun um stuðning og leiðsögn við nýja kennara og henni fylgt eftir
- er starfsfólki ætlaður tími til undirbúnings og samvinnu
- ríkir faglegur metnaður meðal kennara og annars starfsfólks
- eru miklar væntingar gerðar til kennara og annars starfsfólks
- á starfsfólk reglulega kost á starfsmannasamtali





**Markmið:** Í skólum Akureyrarbæjar sé gagnkvæmt samstarf á milli heimila og skóla sem byggir á trausti og virðingu.

### Í góðum skóla...

- er til skráð stefna um þátttöku foreldra í skólastarfi
- eru foreldrum kynntar árangursríkar aðferðir við nám og þeim leiðbeint um hvernig þeir geti best stutt við nám barna sinna
- eru gagnkvæm samskipti og upplýsingastreymi milli heimila og skóla
- er markvisst unnið að því að auka þátttöku foreldra í skólastarfi
- er lögð áhersla á mikilvægi hlutverks deildarstjóra í leikskólum og umsjónarkennara í grunnskólum í samskiptum heimila og skóla
- hafa foreldrar og kennarar reglulega samskipti sín á milli til að miðla jákvæðum upplýsingum
- er foreldrum sköpuð aðstaða til félagslegra samskipta og tómstundastarfs og vinnu með nemendum
- eru haldin námskeið og fræðslufundir fyrir foreldra

**Markmið:** Skólar Akureyrarbæjar hafi gott samstarf sín á milli og eflí samvinnu við aðra skóla, íþrótt og tómstundafélög, stofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu.

### Í góðum skóla...

- er nýtt sú þekking sem býr í ólíkum stofnunum og atvinnufyrirtækjum bæjarins
- er aðstaða til skapandi starfs, tómstunda og félagslífs
- er leitað leiða til að skapa samfellu í skóla- og frístundastarfi nemenda
- getur tónlistarnám farið fram í samfellu við annað skólastarf
- er gagnkvæmt upplýsingaflæði og faglegt samstarf milli skólastiga
- eru gagnkvæmar heimsóknir kennara og nemenda milli skólastiga
- er flutningur nemenda milli skólastiga undirbúinn af kostgæfni



## ÁHERSLUR

Til þess að skapa skólum þá umgjörð og innri skilyrði að meginmarkmið í skólastarfi náist mun Akureyrarbær/skólanefnd m.a.:

### Réttur til náms

- Sjá til þess að leikskólanám sé í boði fyrir börn frá átján mánaða að sex ára aldri.
- Tryggja öllum börnum og ungmönnum rétt til skólagöngu sem næst heimili sínu.
- Sjá til þess að foreldrar geti átt val um skóla fyrir börn sín þar sem því verður við komið.
- Úthluta fjármagni til skóla á hvern nemanda óháð því hvaða skóla hann sækir.
- Nota reiknilíkan til úthlutunar fjármagns til reksturs skólanna sem tryggir jafnræði meðal þeirra sem og fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði.
- Leita leiða til að gera leikskólann gjaldfrían.

### Faglegar áherslur

- Vera leiðandi forystuafli í stefnumótun og framþróun skólastarfs.
- Vinna með skólastjórnendum, starfsmönnum skóla og foreldrum að framgangi skólastefnu Akureyrarbæjar með setningu viðmiða sem tryggt geta að megingildi um þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan séu í heiðri höfð í skólasamfélaginu.
- Leggja með reglubundnu millibili fyrir viðhorfskannanir og aðrar kannanir sem nauðsynlegar eru til að meta gæði skólastarfs í Akureyrarbæ, kynna niðurstöður og leggja fram tillögur til úrbóta.
- Ráðstafa fjármagni til skóla til eflingar list- og verknáms með það að leiðarljósi að allir nemendur fá notið styrkleika sinna og bjóða upp á forskólanám tónlistarskóla sem hluta af starfsemi leik- og grunnskóla, foreldrum að kostnaðarlausu.

- Skapa með samstarfi við framhaldsskóla á Akureyri svigrúm á unglíngastigi svo nemendur geti lokið grunnskóla fyrr eða hafið nám í áföngum á framhaldsskólastigi.
- Stuðla að öflugum samstarfi skólastiga og skóla.
- Búa leiðtogaskólum svigrúm til að þróa forystuhlutverk sitt og gera þeim kleift að koma nýrri þekkingu á framfæri við aðrar skólastofnanir.
- Tryggja að stjórnendur og starfsmenn skóla hafi aðgang að faglegri handleiðslu og ráðgjöf og eigi þannig vísan stuðning í faglegu starfi.
- Stuðla að samstarfi og samvinnu þeirra aðila sem sinna sérfræði- og stoðþjónustu við foreldra, börn og skóla.
- Veita árlega viðurkenningar þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi.
- Ætla fjármagn til skólanna til að efla endurmenntun starfsmanna sem lið í að stuðla að starfsþróun og efla fagmennsku kennara.
- Veita skólastjórnendum rekstrarlega ráðgjöf.
- Tryggja vandaða meðferð einstaklingsmála og úrskurða í ágreiningsmálum.

### Heimili og skóli

- Gangast fyrir því að listnám, tómstundir og íþróttaiðkun séu skipulögð í samfellu við nám í leik- og grunnskóla.
- Bjóða í öllum skólum fjölbreyttar og hollar skólamáltíðir á kostnaðarverði og að hluta til niðurgreidda lengda skóladvöl fyrir nemendur fyrsta til fjórða bekkjar.
- Skapa skólunum möguleika á að bjóða nemendum aðstoð við heimanám.





- Tryggja að foreldrar eigi ávallt greiðan aðgang að fagfólki til aðstoðar við þau verkefni sem ekki er á færi starfsmanna skólanna eða foreldra að vinna úr.
- Halda reglulega fundi með foreldraráðum og foreldrafélögum skólanna.
- Sinna öflugri og fjölbreyttri upplýsingagjöf til foreldra.

### Umhverfi og aðstaða

- Búa leikskólum og tónlistarskóla góðar aðstæður til starfs með nemendum og góða aðstöðu til náms í öllum greinum í grunnskólum.
- Sjá til þess að skipulag nýs skólahúsnaðis taki mið af framtíðarþörfum og verði hannað fyrir sveigjanlega skólastarfsemi þar sem íþrótta- og tómstundastarf er hluti af því starfi sem fram fer í skólanum.
- Stuðla að því að skólaumhverfið geti á hverjum tíma talist til fyrirmyndar hvað varðar öryggi, skipulag og fjölbreytni.

### Þátttaka í samfélagi

- Halda reglulega stefnuþing þar sem fjallað verður um það sem efst er á baugi í starfi skólanna á hverjum tíma og auka þannig möguleika foreldra til að koma á framfæri skoðunum á stefnu og starfsaðferðum skólanna.
- Leggja áherslu á listrænt uppeldi leik- og grunnskólabarna með skipulögðu samstarfi við aðila í menningarlífi bæjarins.
- Veita skólum ráðgjöf og aðstoð við að koma á virkum tengslum við nærsamfélagið, t.d. með því að koma á samvinnuverkefnum við atvinnulífið, stofnanir og félagasamtök til að auðga og efla skólastarfið.





Leikskóli



Grunnskóli



Tónlistarskóli



**Akureyri**

Skóladeild Akureyrarbæjar  
Glerárgötu 26 | Sími: 460 1455 | [skoladeild@akureyri.is](mailto:skoladeild@akureyri.is)